



Skipulagsnefnd Mýrdalshrepps
Fundarboð

Fundur nr. 270 í Skipulagsnefnd Mýrdalshrepps verður haldinn mánudaginn 22. júlí 2019 kl. 19:00 í Kötlusetri, Víkurbraut 28 í Vík.
Fundin sitja ásamt undirrituðu nefndarfólki, George Frumuselu skipulags- og byggingarfulltrúi Mýrdalshrepps.

Dagskrá fundarins:

Skipulagsmál:

1. Sólheimahjáleiga – Breyting á deiliskipulagi.

Lögð er fram tillaga um breytingu á deiliskipulagi fyrir Sólheimahjáleigu.

Um er að ræða stækkun skipulagssvæðis, byggingar starfsmannahúsa, íbúðahúss og stækkunar núverandi íbúðarhúss.

Nefndin samþykkir tillögu að deiliskipulagi og felur skipulagsfulltrúa að auglýsa í samræmi við 41.gr. skipulagslaga. Nefndin leggur til að tillagan verði send Skipulagsstofnun til yfirferðar vegna samræmingar við gildandi aðalskipulag.

-Samþykkt samhljóða

2. Mánabraut 28 – Umsókn um byggingarleyfi.

Gísli Rafn Gylfason f.h. True Adventure sækir um byggingarleyfi fyrir einbýlishús á Mánabraut 28, aðaluppdráttur lagður fram til umræðu

Nefndin felur skipulagsfulltrúa framkvæmd grenndarkynningar.

-Samþykkt samhljóða

3. Austurvegur 11 C – Umsókn um byggingarleyfi.

Ragnar Guðgeirsson f.h. Argyron ehf. sækir um leyfi til að breyta og endurnýja glugga og hurð á Austurvegi 11C.

-Samþykkt samhljóða


4. Ytri Sólheimar 1 – Umsókn um stöðuleyfi.

Arnar Bjarnarson f.h. Arcanum Ferðaþjónusta sækir um stöðuleyfi fyrir vinnubúðir við Ytri Sólheimar 1, aðaluppdráttur lagður fram til umræðu.


Nefndin ákveður að samþykka umsóknina um stöðuleyfi fyrir vinnubúðir undir starfsmenn til eins árs, samkvæmt framlögðum gögnum. Nefndin felur byggingarfulltrúa að upplýsa umsækjendur um gjaldská fyrir gámstöðuleyfi.

-Samþykkt samhljóða


Fundi slitið klukkan 20:03



Drífa Bjarnadóttir



Jónas Erlendsson




Óðinn Gíslason



Kristján Þórðarson



George Frumuselu



Guðrún Hildur Kolbeins